

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)

DESEMBER 2020

12. tbl. 27. árg.



## FB í roðagylltu á aðventunni



Soroptimistar í Breiðholti fyrir framan FB þegar skólinn var lýstur í roðagylltu.

Öll lyf á  
lágmarksverði  
og samheitalyf  
líka!



Soroptimistaklúbbur Hóla og Fella í Breiðholti lýstu FB í roðagylltu á dögunum. Soroptimistar á Íslandi ásamt Soroptimistum um allan heim hafa tekið þátt í „Ákalli framkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna um að roðagylla heiminn“.

Soroptimistar eru alþjóðasamtök kvenna sem hafa það að meginmarkmiði að stuðla að bættri stöðu kvenna með alþjóðlegri vináttu og skilningi að leiðarljósi. Markmiðið er að efla vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi og stuðla að útrýmingu á ofbeldi gegn konum.

Víða á Íslandi eru byggingar lýstar upp með roðagyllingu (appelsínugulu) á áður nefndu tímabili og sömuleiðis sendiráð Íslands víða um heim.

Soroptimistaklúbbur Hóla og Fella í Breiðholti tekur þátt í þessu verkefni og leitað var til skólameistara Fjölbautaskólans í Breiðholti sem tók erindi klúbbsins mjög vel og er skólinn nú lýstur upp með roðagylltri lýsingu.

- bls. 4-5

Viðtal við  
Magnús L. Sveinsson  
fyrir formann VR  
og borgarfulltrúa

PIZZUR MÁNADARINS

# TRÍÓ

→ EIN STÓR PIZZA ←

# 1.790 KR.

ADDEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EDA MED APPINU, GREIDIR FYRIRFRAM OG SÆKIR



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

## Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

# LIND

FASTEIGNASALA  
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / [www.FASTLIND.is](http://www.FASTLIND.is)

## VIÐ ÓSKUM YKKUR GLEÐI OG HAMINGJU UM JÓLIN OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI!

Afgreiðslutímar í Arnarbakka,  
Seljabraut og Vesturbergi

Aðfangadagur: 07:00 - 16:00

Jóladagur: Lokað

Annar í jólum: 09:00 - 24:00

Gamlársdagur: 07:00 - 19:00

Nýársdagur: 12:00 - 24:00

# Iceland



# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

12. tbl. 27. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Húsnæði og atvinna

Húsnæðismál eru einhver stærstu mál hins hefðbundna mannlífs. Allir þurfa þak yfir höfuðið. Þakið er ein af helstu nauðsynjum mannsins á eftir fæði og klæðum.

Húsnæðismál hafa því jafnan leikið stórt hlutverk í stjórnámum. Ein af ástæðum þess að oft er um að ræða aleigu fólks til lengri tíma. Fólki hefur einnig ýmissar aðstæðna vegna gengið misjafnvel að koma sér upp þaki yfir höfuð. Samfélagið hefur því oft gripið til ýmissa ráða og aðgerða til að tryggja fólki þessa lífsnauðsyn.


Hér í blaðinu er fjallað um tvo af þeim sem stóðu í fararbroddi húsnæðismála um áratugi. Annar er Magnús L. Sveinsson sem lengi var formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Magnús sat einnig í borgarstjórn þegar stærsta átaki í húsnæðissögu landsins var hrundið í framkvæmt. Það var bygging Breiðholtsins. Í nýútkominni ævisögu segir Magnús meðal annars frá þeim aðstæðum sem margir bjuggu við í Reykjavík þegar efnt var til þessa stórataks.

Hinn aðilinn er Sigurður E. Guðmundsson sem lengi var forstöðumaður í húsnæðismálum þessa lands. Sigurður er fallinn frá en í umfjölluninni er stuðst við bók sem hann var búinn að ganga frá og er byggð á doktorsritgerð sem hann hafði unnið að á loka árum lífsins.

Báðir þessir menn kynntust vel þeim vanda sem við var að etja til þess að tryggja almenningi húsnæði. Þótt sjálfseignarstefnan sem er við lýði hér á landi hafi í mörgu reynst vel og falli að almennum sjónarmiðum Íslendinga þurfti meira til. Samfélagið þurfti að móta leikreglur og halda opnum leiðum fólks til þess að fjármagna húsnæðiskaup.

Sigurður fjallar í bók sinni um kenningar bretans William Henry Beveridge. Kjarninn í kenningum Beveridge var sá, að tryggja öryggi fólks frá vöggju til grafar. Hann kvað nauðsynlegt að útrýma meinsemdum á borð við atvinnuleysi til að tryggja velferð almennings. Það yrði best gert með því að lögfesta öryggisáætlun um að útrýma atvinnuleysi. Það myndi tryggja öllum landsmönnum lífsgæði til handa. En í dag eru orð Beveridge í tíma töluð. Atvinnu- og húsnæðismál eru samtvinnuð.

# Nýtt íþróttahús ÍR í Suður Mjódd



Teikning af hinu nýja íþróttahúsi ÍR í Mjóddinni í Breiðholti þar er einnig nýbúið að reisa stórt knattspyrnuhús og fyrir á svæðinu var félagsheimili ÍR.

**Hafin er bygging nýs íþróttahúss á íþróttasvæði ÍR í Suður Mjódd í Breiðholti. Í húsinu verður hægt að iðka ýmsar íþróttagreinir, þar verður mögulegt að spila keppnisleiki í handknattleik og körfubolta í efstu deildum. Fjöldi áhorfenda verður um 800 manns í útdraganlegum áhorfendabekkjum og möguleiki á 1000 manna borðhaldi á salargólfi.**

Við norðurhlið íþróttasalar verða búningsherbergi, þrjú sett, þar sem tvö og tvö búningsrými sameinast um sturtu- og þurrkaðstöðu. Í þessum

húshluta verður einnig aðstaða fyrir starfsfólk, kennara og dómara, ræstingu og afgreiðslu hússins sem aftur tengist forsal og aðalinngangi. Forsalurinn mun leiða að áhorfendavölum í íþróttasal. Fjölmíðlaherbergi, aðgengilegt um svalir í sal er í útbyggingu á suðurhlið og inniheldur einnig tæknirými og geymslur.

### Hægt að spila á þremur völlum

Við æfingar og fjöllíðamót yngri flokka verður íþróttasal skipt upp í tvo eða þrjú hluta með tjöldum

þvert á sal. Hægt verður spila á þremur völlum, þvert á aðalsal þegar yngstu deildirnar eru að spila og þá án áhorfendapalla. Einnig er hægt að skipta salnum í tvennt og spila á tveimur völlum. Í öðrum hlutanum verður spilað á völlum í fullri stærð með áhorfendum en á æfingavöllum án áhorfenda í hinum.

Gert er ráð fyrir að húsið verði tekið í notkun í byrjun árs 2022. Hönnuðir íþróttahússins eru ASK arkitektar.

# Gleðileg jól

og farsælt komandi ár



**GARÐS  
APÓTEK**  
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir  
Pantaðu tiltekt á appotek.is  
eða í síma 568 0990  
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum  
Pantaðu sendingu á appotek.is  
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut  
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



# VERTU MEÐ Í ÍPRÓTTUM OG FRÍSTUNDUM Í BREIÐHOLT!

## Skráning hjá:



- Dans Brynju Péturs:** [www.brynjapeturs.is](http://www.brynjapeturs.is)
- Dansgarðurinn:** [www.dansgardurinn.is](http://www.dansgardurinn.is)
- Frístundamiðstöðin Miðberg:** [www.midberg.is](http://www.midberg.is)
- Hjólakraftur:** [www.hjolakraftur.com](http://www.hjolakraftur.com)
- Íþróttafélag Reykjavíkur:** [www.ir.is](http://www.ir.is)
- Íþróttafélagið Leiknir:** [www.leiknir.com](http://www.leiknir.com)
- Skákfélagið Huginn:** [www.skakhuginn.is](http://www.skakhuginn.is)
- Skátafélagið Hafarnir:** [www.hafarnir.org](http://www.hafarnir.org)
- Skátafélagið Segull:** [www.skatararnir.is/segull](http://www.skatararnir.is/segull)
- Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts:**  
<http://arbaer.skolahljomsveitir.is>
- Sundfélagið Ægir:** [www.aegir.is](http://www.aegir.is)
- Tónskóli Eddu Borg:** [www.teb.is](http://www.teb.is)
- Tónskóli Sigursveins:** [www.tonskolisigursveins.is](http://www.tonskolisigursveins.is)

## Þátttaka barna og unglunga í íþróttum og frístundastarfi eykur líkur á...

- Betri líkamlegri og andlegri heilsu
- Félagslegri tengslamyndun, að eignast vini
- Að tileinka sér skipulögð vinnubrögð
- Að virða reglur og viðmið
- Bjartsýni á framtíðina

## Þátttaka barna og unglunga í íþróttum og frístundastarfi minnkar líkur á ...

- Reykingum og tengdri neyslu
- Neyslu áfengis
- Neyslu fíkniefna
- Kyrrsetu og aðgerðaleysi
- Einsemd og félagslegri einangrun
- Skaðlegri hegðun



# VIÐTALIÐ

# Breiðholtið var einstakt afrek

- segir Magnús L. Sveinsson fyrrum formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur og borgarfulltrúi

**M**agnús L. Sveinsson fyrrum formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur og borgarfulltrúi tók á móti tíðindamanni í notalegu garðhýsi sem hann hefur byggt við hús sitt við Geitastekk 6 í Breiðholti. Í Garðhýsinu hefur hann komið sér upp vinnustofu þar sem meðal annars eru létt húsgögn og bækur að finna. Í einu horninu hefur hann komið fyrir skrifborði og tölvu. „Hingað kem ég með morgunkaffið og byrja á að fletta blöðunum. Þegar ég hætti að vinna varð ég að hafa eitthvað fyrir mig,“ segir hann sem er enn að þrútt fyrir að 89 ár séu að baki. Hann ber árin ekki utan á sér. Er unglegur bæði til æðis og anda. Hann var að ljúka við bók um æfi sína og störf sem var að koma út hjá bókaforlaginu Skruddu. Bókin hefur að geyma lífshlaup hans allt frá því að hann fæddist austur á Rangárvöllum þar sem enn var moldargólf í bænum til þessa dags að hann situr við skrifrit í garðhýsinu. Verslunarmannafélag Reykjavíkur á stóran hluta ævi hans en hann var einnig borgarfulltrúi um árabíl. Sem borgarfulltrúa kom í hans hlut ásamt fleirum að koma byggingu Breiðholtsins af stað og fylgja henni eftir. Bókina kallar hann „Af moldargólfi í ólgusjó verkalýðsmála.“

En af hverju skyldi hann velja bókinni þetta nafn. „Það kemur til af því að ég er fæddur í húsakynnum þar sem enn var moldargólf. Engar vatnslagnir voru og fólk sótti vatn út í læk sem rann skammt frá bænum. Ég er fæddur á Uxahrygg skammt sunnan við Þverá sem var óbrúð þar til ári eftir að ég kom í heiminn. Fólk lifði við allt aðrar aðstæður á þessum tíma. Tugir kílómetra voru í næstu verslun og engir bílar voru komnir til sögunnar í sveitunum. Nútíma þægindi voru ekki til. Þetta voru ótrúlegir tímar og ekki lengra undan en að núlifandi fólk man eftir þeim. Framþróun varð þó nokkuð hröð þegar hún fór af stað. Magnús nefnir dæmi sem hafi hjálpaði mikið til og flýtt fyrir nýjungum. Þar eigi rafvæðingin stærstan hluta. „Hún lagði grunn að öllum tækniframförum sem urðu og raunar því velferðarþjóðfélagi sem við búum við í dag.“

## Sex vikna verkfall fyrir atvinnuleysistryggingasjóð

En allt fékkst ekki fyrir ekkert. Margt kostaði baráttu. Magnús kynntist því vel síðar á lífsleiðinni og þá einkum í tengslum við verkalýðsbaráttuna. Fyrst og fremst sem formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur eða VR eins og það er oftast kallað. „Sagan sýnir okkur að flest ef ekki allt



Magnús L. Sveinsson ásamt fólki sínu á góðum degi.

sem samið hefur verið um á vinnumarkaði hefur kostað baráttu. Allt of oft hefur þurft að grípa til verkfallsaðgerða til þess að ná fram umbótum sem í dag eru talin til sjálfagðra mannréttinda. Ég get nefnt dæmi um stofnun Atvinnuleysistryggingasjóðs 1955. Það mál kostaði sex vikna verkfall. Lægst launaða fólkið á höfuðborgarsvæðinu þurfti að forna sex vikna launum fyrir þetta framfaramál. Þetta var að mestu fólk sem háði harða baráttu upp á hvern dag að hafa ofan í sig og á.“

Magnús segir að ekki hafi allir notið aðgenglu að Atvinnuleysistryggingasjóðnum á sínum tíma. „Sérstaklega var tekið fram að verslunarfólk ætti ekki aðild að sjóðunum. Ástæða þess var að verslunarmenn urðu að velja um hvort þeir vildu aðild að sjóðnum eða að stofna lífeyrissjóð sem varð fyrir valinu. Um áratug síðar fór að bera á atvinnuleysi hjá verslunarmönnum. Þá þurfti VR að heyja tveggja daga verkfall til þess að knýja fram samþykki vinnuveitenda fyrir aðild að sjóðnum. Einnig þurfti að fá fram breytingu á lögum því ríkið greiddi helming framlags í sjóðinn á móti vinnuveitendum.“ Magnús segir að fjölmörg framfaramál hafi ratað á fjörur VR í gegnum tíðina. Mál sem þurft hafi að heyja harða baráttu fyrir. Hann minnst þess að eitt af mörgu hafi borið að 1988. Þá hafi VR haft forystu um meðal verslunarmannafélaga

á landinu að gera kröfu um 42 þúsund króna lágmarkslaun sem þá voru 31 þúsund krónur á mánuði. Engir aðrir í verkalýðshreyfingunni hafi sýnt þessu máli áhuga. „Þessi krafa jafngilti um 308 þúsund króna lágmarkslaunum 1. apríl 2019 eða rúmum 30 árum seinna. Verslunarmenn fóru í níu daga verkfall til að fylgja þessari kröfu eftir sem vannst þó ekki nema að litlu leyti fyrst og fremst vegna samstöðuleysis innan verkalýðshreyfingarinnar.“ Frá þessu og mörgu öðru greinir Magnús ýtarlega frá í bók sinni.

## Mikið um ósamþykkt og heilsuspillandi húsnæði

En Magnús hefur frá fleiru að segja en áralangri þátttöku í verkalýðsbaráttu. Hann átti sæti í borgarstjórn Reykjavíkur um árabíl. Frá árunum 1974 til 1994. Var borgarfulltrúi á þeim árum sem Breiðholtið var byggt sem hann segir stærsta átak í byggingarsögu þjóðarinnar. „Þegar ráðist var í byggingu Breiðholts hafði mikill húsnæðisvandi verið í Reykjavík um langan tíma. Vandinn fylgdi örri fólksfjölgun allt frá stríðsárunum og jafnvel fyrr. Ekki hafði tekist að hafa undan við að byggja yfir fólk sem kosið hafði sér búsetu í höfuðborginni. Magnús segir að mikið hafi verið um ósamþykkt, heilsuspillandi leiguhúsnæði í



Magnús L. Sveinsson fyrrum formaður VR og borgarfulltrúi í garðhýsinu heima í Geitastekk 6.

kjöllurum og risum og allt fram á sjöunda áratug liðinnar aldar verið búið í bröggum frá styrjaldarárunum. „Þarna var fyrst og fremst um láglaunafólk að ræða sem lánskjör á húsnæðismarkaðinum útilokaði frá því að geta eignast húsnæði. Hann segir að upphafið að þessu mikla húsnæðisátaki sé afleiðing af kjaradeilum 1964 og 1965 og samninga sem leiddu til lausnar þeirra. „Óhætt er að fullyrða á í júlí 1965 hafi verið brotið blað í sögu bygginga íbúðahúsnæðis fyrir láglaunafólks í Reykjavík. Þá gaf ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, viðreisnarstjórnin eins og hún var kölluð út að byggðar skyldu eitt þúsund söluíbúðir fyrir láglaunafólk í verkalýðsfélögum. Þessi yfirlýsing byggðist á samkomulagi á hinum almenna vinnumarkaði frá því í júní 1964 sem oft var kallað „júnísamkomulagið“. Og þetta var ekki nóg því til viðbótar þessum þúsund íbúðum em úthluta átti til félagsmanna verkalýðsfélaganna var ákveðið að byggja 250 leiguíbúðir sem Reykjavíkurborg myndi leigja láglaunafólki.“ Magnús segir að mikil andstaða hafi verið við þessar hugmyndir í stjórnkerfinu. Einkum hafi margir embættismenn talið þær óraunhæfar og ógerlegar. Bjarni Benediktsson eldri þáverandi forsætisráðherra hafi hins vegar staðið fastur fyrir og ekki látið andstöðu embættismanna ráða för.

## Á fimmta þúsund sóttu

Fljótt kom í ljós að þörfin fyrir húsnæði var mikil. Á fimmta þúsund manns sóttu um eitt þúsund íbúðir. Það varð að synja á fjórða þúsund umsækjenda og flestir

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði  
VELKOMIN

Mjóddin



Stjórn VR árið 2002. Sitjandi f.v. Benedikt Vilhjálmsson, Elin Elíasdóttir ritari, Magnús L. Sveinsson formaður, Stefania Magnúsdóttir varaformaður og Edda Kjartansdóttir gjaldkeri. Standandi f.v. Sigurður Sigfússon, Bryndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Kristín Sigurðardóttir, Valur M. Valtýson, Rannveig Sigurðardóttir, Seinar J. Kristjánsson, Sigrún Baldursdóttir, Kolbeinn Sigurjónsson og Jóhanna E. Vilhelmsdóttir. Ljós. Jóhannes Long.

voru í mikilli þörf. Okkur sem vorum í úthlutunarnefndinni var því mikill vandi á höndum. Við töldum okkur þekkja nokkuð til mála en óraði þó ekki fyrir um hversu mikinn vanda var aðra ræða. Í raun bjó meirihluti á fimmta þúsund manns við neyðarástand í húsnæðismálum.“ Magnús segir ekki auðvelt fyrir fólk sem alltaf hefur búið við öryggi í húsnæðismálum að setja sig í spor fólks sem þurft hefur að búa við mikið óöryggi og jafnvel heilsuspillandi húsnæði í langan tíma að ekki sé minnst á sálarkvalir sem margir höfði orðið að líða. „Ég lagði vinnu í að gera tölulega athugun á aðstæðum fólks. Um 30% umsækjanda bjuggu inni á öðrum fjölskyldum og tveir þriðju hlutar af þeim voru undir 25 ára aldri. Í sumum tilvikum var um að ræða hjón með allt að fjögur börn. Dæmi voru um að ein fjölskylda hýsti tvær aðrar fjölskyldur og allt að ellefu manns voru stundum í þriggja herbergja íbúðum. Af þeim mikla fjölda umsókna sem barst og þeim aðstæðum sem við urðum vitni að var þó ljóst að með þessu mikla átaki tókst aðeins að leysa

takmarkaðan hluta af þeim húsnæðisvanda sem var til staðar í höfuðborginni.“

**Um 47% íbúa 16 ára og yngri**

„Ég hika ekki við að fullyrða að þetta hafi verið einstakt afrek. Á rúnum áratug var byggt yfir hátt í 25 þúsund manns á landi þar sem engin byggð var fyrir. Þar vantaði allt. Ekkert var fyrir hendi. Engar götur. Engar veitur eða lagnir. Engar þjónustustofnanir. Aðeins eitt gamall býli og móar. Raddir heyrðust um að þarna ætti að byggja of hátt yfir sjávarmáli. Þarna þrífist enginn gróður. Þarna væri langur vetur og annað var eftir því. En reyndin varð önnur.“ Magnús segir að ungt fólk hafi sest að í Breiðholtinu. „Árið 1975 voru um 47% íbúa í Breiðholti 16 ára og yngri. Þessu fylgdu eðlilega félagsleg vandamál. Þarna kom saman ungt fólk úr hinum ýmsu borgarhlutum. Fólk sem ekki þekktist neitt fyrir og settist nú saman á skólabekk og fór að taka þátt í félagsstarfi. En það var auðvitað ekki nóg að borgin legði fjármuni



A-sveit Selfoss sem vann 4x100 metra hlaupið á Þjórsártúni 1952. Fr.v.: Kolbeinn I. Kristinnsson, Árni Guðmundsson, Þór Vigfússon og Magnús L. Sveinsson. Magnús hljóp fyrir Ungmennafélag Selfoss 100 metrana á 11,5 sekúndum. Hann var einnig með í A-sveit Selfoss í 4x400 metra boðhlaupi sem sveitin vann.

í þetta. Ríkið varð einnig að koma við sögu. Ég man að 1976 voru umræður í borgarstjórn um að ríkið yrði að leggja fé í heilsugæslustöð í Breiðholti.“

**Árið 1970 bjuggu sjö manneskjur í Efra Breiðholti - 9465 sjö árum síðar**

„Þetta kom ótrúlega hratt á mjög stuttum tíma. Sem dæmi um hraðann má nefna að 1. desember 1970 áttu sjö manneskjur heima í Efra Breiðholti. Sjö árum síðar 1977 bjuggu 9465 manna í hverfinu. Íbúunum hafði fjölgað um yfir níu þúsund á sjö árum. Það var ungt fólk sem byggði Breiðholtið. Fólk um fertugt og yngra. Fólk sem hafði trú á framtíð þessa nýja borgarhluta. Eitt af því sem borgin stóð fyrir var að malbika götur í Breiðholti. Oft hafði frágangur gatna komið þegar byggðirnar voru fullbúnar og flutt í húsin. Stundum nokkru síðar. Árið 1962 var ákveðið að götur í Reykjavík yrðu malbikaðar á tíu árum. Því verki yrði lokið 1972. Þegar Efra Breiðholt var byggt var

búið að malbika allar götur í hverfinu áður en byggingaframkvæmdir hófust.“

**Félagsleg aðstoð á að miðast við að fólk geti eignast húsnæði**

Magnús segir að lengst af hafi þeirri stefnu verið fylgt að stuðla beri að því að sem flestir geti búið í eigin húsnæði. Að meiri hluti þjóðarinnar búi í eigin húsnæði sé ein grundvallarreglum efnahagslegs sjálfstæðis borgaranna. Engu að síður geti bygging félagslegs húsnæðis verið hagkvæm auk þess sem í því felist kjarabætur. „Ég tel að þetta almenna sjálfseignaform sem þróast hefur á húsnæði hafi dregið úr stéttaskiptingu sem kemur fram hjá mörgum öðrum þjóðum þar sem meirihluti fólks býr í leiguhúsnæði. Þess vegna á félagsleg aðstoð hins opinbera að miðast við að aðstoða fólk við að búa í eigin húsnæði. Þótt bygging Breiðholtsins leysti ekki öll húsnæðisvandamál Reykvíkinga var skrefið stórt og átti sér ekkert fordæmi í sögunni.“

# MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson  
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason  
lögg. fasteignasali  
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson  
hdl. og lögg. fasteignasali  
Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 845 8958



Axel Axelsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson  
aðstm. fasteignasala  
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson  
aðstm. fasteignasala  
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir  
hdl. og löggiltur fasteignasali



Harpa Rún Glad  
hdl. og löggiltur fasteignasali



Fasteignasalan  
**Miklaborg**

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000  
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

## Um 3.400 nýir ljósalampar settir upp í Breiðholti

- gefa jafnari og betri lýsingu

Að undanfögnu hefur verið unnið að því að skipta um lampa á ljósastaurum í Breiðholti. Í stað eldri lampa með hefðbundnum perum eru settir nýir með LED ljósgjafa. Alls verður skipt um tæplega 3.400 lampa í hverfinu.



Led flóðljós.

Með hinni nýju lýsingu munu íbúar og vegfarendur upplifa betri lýsingu með auknum ljósgæðum með réttari litum og jafnari lýsingu. Lögð er áhersla á góða litarendurgjöf og jafna lýsingu, sem er í raun mikilvægari en birtustigið eitt og sér. Birtustigið á göngu- og hjólastígum á að vera jafnmikið eða meira en á götum. Lamparnir eru sérframleiddir til að mæta þessum mismunandi kröfum um ljósvist, en Reykjavíkurborg gerir meiri kröfur um hana en lágmarkskröfur í stöðlum segja til um.

Nýju lamparnir spara umtalsverða orku og þurfa minna viðhald. Ljósmeignun vegna götulýsingar verður einnig minni með betri stýringu á birtustigi og dreifingu ljóssins, en gerðar eru kröfur um að ekkert af ljósi fari upp fyrir lampann. Götuljósin munu því ekki lýsa upp í næturhimininn sem stuðlar að auknum myrkurgæðum og gerir íbúum kleift að sjá stjörnurnar betur. Með hinni nýju lýsingu munu vegfarendur skynja liti í umhverfinu réttar og betur.

Nýju lamparnir eru tilbúnir til tengingar við snjallkerfi þegar þar að kemur, en þá verður hægt að stýra miðlægt hverjum og einum lampa þ.e.a.s. kveikja, slökkva, dimma og vakta hugsanlegar bilanir. Áður en hægt verður að nota þessa tækni þarf að koma upp snjallkerfi til að sjá um þessi samskipti. Hafnar eru prófanir á mismunandi kerfum þar sem þessir möguleikar nýtast og gert er ráð fyrir auknum stýringum á næstu þremur til fimm árum.

Verkefnið um útskiptingu lampanna í Breiðholti hefur verið í hönnun og undirbúningi um nokkurn tíma. Ljósin eru keypt af Rafkaup en innkaup lampanna voru boðin út í gegnum rammasamning Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Starfsmenn Orku náttúrunnar sjá um útskiptinguna. Kostnaður við verkefnið í heild er um 260 milljónir.

## Mannréttinda- og hvatningarverðlaun borgarinnar snerta Breiðholtið



Hlutverk Brúarsmiða er að styðja við íslenskunám barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum og stuðla að því að börn fái viðeigandi stuðning og handleiðslu við sitt hæfi og jöfn tækifæri til náms. Störf þeirra auka jafnræði og vinna markvisst gegn jaðarsetningu og mismunum. Fólk af yfir 60 þjóðernum býr í Breiðholti sem hefur fjölda tungumála að móðurmáli. Dröfn Rafnsdóttir, deildarstjóri verkefnis hjá skóla- og frístundasviði, tók við verðlaununum fyrir hönd verkefnisins.

**Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar voru afhent í liðinni viku ásamt hvatningarverðlaunum mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Verðlaunin snerta Breiðholtið með ýmsu móti en þar er að finna eitt stærsta fjölmenningsamfélag á landinu.**

Solaris - hjálparamtök fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi hlaut mannréttindaverðlaunin fyrir að vera öflugur málsvari í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd, bæði einstaklinga og barnafjölskyldna. Samtökin hafa stuðlað að mikilvægri vitundarvakningu um stöðu þessa viðkvæma hóps með eftirtektarverðum árangri.

Hvatningarverðlaun mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs hlutu Brúarsmiðir - Miðja máls og læsis fyrir ómetanlegt starf í að byggja brú milli menningarheima og styðja við foreldra af erlendum

uppruna. Störf þeirra auka jafnræði og vinna markvisst gegn jaðarsetningu og mismunum. Tæknilæsi fyrir fullorðna hlutu einnig hvatningarverðlaun fyrir nýsköpunarverkefni sem hefur stuðlað að mannréttindum eldra fólks með því að auka rafrænt aðgengi þeirra að samfélaginu.

Verkefnið spornar gegn einangrun og einmana-leika og stuðlar að auknu sjálfstæði og valdeflingu einstaklingsins. Vettvangs- og ráðgjafarteymi (VoR) hlaut hvatningarverðlaun fyrir að aðstoða heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuþarfir og veita einstaklingsmiðaða aðstoð, stuðning og ráðgjöf auk þess að miðla upplýsingum um þá þjónustu sem er í boði. Teymið starfar m.a. með fólki í gistiskýli, Konukoti, smáhýsum og í íbúðum hugmyndafræðina Húsnæði fyrst.

# 787

hugmyndir hafa orðið að veruleika

Sendu inn  
þína hugmynd  
á hverfidmitt.is





Magnús L. Sveinsson var áratugum saman í forystusveit íslenskra verslunarmanna, framkvæmdastjóri VR í 20 ár og formaður VR í önnur 20. Jafnframt var hann lengi borgarfulltrúi og forseti borgarstjórnar. Í bókinni rifjar hann upp feril sinn og kennir þar margra grasa. Æskuárin á fátæku heimili austur á Rangárvöllum þar sem hann bregður upp ljóslifandi myndum af lífi alþýðufólks á 4. og 5. áratug síðustu aldar, stjórn málin, og ekki síst starfið innan verkalýðshreyfingarinnar en hann beitti sér alla tíð mjög fyrir bættum kjörum og auknum réttindum verslunarfólks.

**Stórskemmtileg bók þar sem fjallað er um menn og málefni á tæpitungulausan hátt.**

**SKRUDDA**

skrudda@skrudda.is

s. 552-8866

# Öryggi þjóðar frá vögggu til grafar

- ný bók eftir Sigurð heitinn Guðmundsson fyrrum framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins og Breiðholtsbúa

Út er komin bókinn Öryggi þjóðar frá vögggu til grafar eftir Sigurð E. Guðmundsson fyrrverandi framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins og íbúa í Breiðholtinu til margra ára. Sigurður eyddi meirihluta ævi sinnar í störf og rannsóknir í þágu húsnæðis- og velferðarmála. Hann var skrifstofustjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins frá árinu 1965 og framkvæmdastjóri sömu stofnunar frá 1971 til 1998 eða í 27 ár. Á síðari árum lagði hann stund á nám í sagnfræði og vann að rannsóknarstörfum eftir starfslok. Hann hafði lagt drög að vörn og útgáfu doktorsritgerðar sinnar þegar hann lést á 87. aldursári 6. janúar 2019 eftir skammvinn veikindi. Bókin er byggð á doktorsritgerð Sigurðar.

Sigurður var fæddur í Reykjavík árið 1932 og ólst því upp á áratug kreppunnar miklu á síðustu öld. Foreldrar hans voru hjónin Guðrún Ástríður Elimundardóttir húsfreyja og Guðmundur Kristinnson verkamaður í Reykjavík. Hann kynntist af eigin raun í uppvextinum kjörum fátækra verkamannaflösklydu og húsnæðisskortinum sem alþýðufólk mátti búa við þá og á eftirstrísárrunum. Að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1952 hóf hann nám í læknisfræði við Háskóla Íslands en lauk ekki prófi. Eftir starfslok lauk hann sagnfræðinám við Háskóla Íslands.

## Bókin hápunktur á ævistarfi

Hugsjón hans var að efnalítið fólk ætti raunhæfan kost á góðu og öruggu húsnæði fyrir sig og sína og gætti þess í störfum hans í opinbera þágu. Hann lagði einnig mikla áherslu á gildi menntunar fyrir alla. Hann sýndi það á sjálfum sér í verki því eftir starfslok lét hann draum sinn rætast og settist að nýju á skólabeck við Háskóla Íslands. Sigurði var ómetanlegt að fá tækifæri til að stunda nám í sagnfræði þótt á eftirlaunaaldri væri. Hann lagði sig allan fram og naut þess til hins ítrasta. Ef kostur var á valdi hann sér verkefni sem sneru að kjörum og aðstæðum alþýðunnar og verkafólks á fyrri tíð og lokaritgerðir hans við skólann fjalla um slík efni. Bók sú sem hér kemur fyrir sjónir er því endapunktur, og um leið hápunkturinn, á lífi og ævistarfi hugsjónamanns.

## Barátta fyrir félagstryggingum

Heiti bókarinnar er hið sama og heiti ritgerðar Sigurðar „Öryggi þjóðar frá vögggu til grafar. Þættir úr sögu velferðarmála 1889

til 1946.“ Þar rekur Sigurður þróun félagstrygginga og velferðarmála á Íslandi frá fyrstu settu félagstryggingarlögunum, allt frá Ellistyrktarsjóði alþýðu árið 1889, félagslegar umbætur og framfarir þar að lútandi fram til ársins 1947. Áherslan er á aðstöðu alþýðu manna, einkum við sjóinn, aðdraganda og baráttu fyrir félagstryggingum þeim til handa. Hann rekur einnig þróun í löggjöf um húsnæðismál og skipulagsmál. Í allri umfjöllun er dregin upp mynd af stráumum, stefnum og lagasetningu erlendis frá og áhrifum þeirra hérlendis. Þar á meðal samskiptunum við Dani. Í upphafskafli bókarinnar dregur Sigurður upp mynd af hvernig himinn og haf hafi aðskilið sambandslöndin tvö, Danmörku og Ísland, í velferðarmálum um og eftir aldamótin 1900. Í Danmörku var það viðhorf ríkjandi að sú þjóð gæti ekki talist menningarþjóð sem ekki byði þegnum sínum almennt upp á viðunandi tryggingar á lífsleiðinni. Það sjónarmið var þá óþekkt á Íslandi.

## Tengsl við Evrópu

Sjálfur lýsti Sigurður rannsókn sinni og viðfangsefni. Sagði hana fjalla um mikilvægum hluta af íslensku þjóðfélagsþróun en er jafnframt í tengslum við kenningar og rannsóknir erlendra vísindamanna og fræðimanna, bæði norrænna, þýzka og engilsaxneskra, sem og vísindamanna af ýmsu öðru þjóðerni. Hann tiltekur ýmsar lagasetningar í Evrópu er haft hafi áhrif í þá átt að auka öryggi og lífsgæði fólks. Hann bendir á að Velferðarþróun hérlendis á fyrri hluta 20. aldar og segir hana hafa verið í hugmyndafræðilegum tengslum við evrópskar kenninga- og lagasmíð. Hann greinir einnig frá lagasetningu hér á landi á fyrri hluta liðinnar aldar, sem sett var almenningi til hagsbóta og kryfjar



Þann 2. nóvember 2016 var haldið upp á 60 ára afmæli opinberra íbúðalána á Íslandi. Þar var rifjuð upp sagan og áfangasigarar í húsnæðismálum þjóðarinnar. Þar var hrókur alls fagnaðar Sigurður E. Guðmundsson, fyrrum forstjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins og aldursforseti í hópnum sem stundaði sagnfræðinám og rannsóknir á sögu og þróun velferðarlausna. Mynd Arnþór Birkisson.



Bjarndís Júlíusdóttir, Sigurður E. Guðmundsson og Krístrún Jónsdóttir. Þær Bjarndís og Krístrún voru samstarfskonur Sigurðar til margra ára. Mynd Gisli Egill Hrafnsson.

hana til mergjar eftir því sem unnt er. Hann segir að margar af mikilvægustu greinum hennar, til dæmis varðandi svefnrétt togaraháseta eða vökulögin, slysa- og dánarbætur vinnandi fólks, framfærslueyri ekkna og föðurlausra barna, eftirlaun gamals fólks, húsnæðisbyltinguna 1928 til 1970, sjúkrahjálp, sjúkrasamlög og læknishjálp, og margt fleira hafa flest skipt sköpum fyrir allan almenning. Með allri þessari löggjöf hafi verið reistir þeir innviðir er síðan hafi verið burðarstólpar velferðar hérlendis.

## Allir jafnir og snúi bókum saman

Í bókinni fjallar Sigurður meðal annars um boðskap Per Albin

Hansson um þjóðarheimilið. Per Albin Hansson var forsætisráðherra Svíþjóðar, sem gerði hina víðkunnu og áhrifamiklu þjóðfélagshugsjón um „þjóðarheimilið“ - Folkhemmet Sverige að umtalsefni í frægri ræðu, sem hann hélt í sænska ríkisþinginu 18. janúar 1928. Hann líkti þjóðinni við fjölskyldu á stóru heimili, þar sem allir væru jafnir og allir sneru bókum saman. Per Albin sagði að grundvöllur heimilisins væri samstaðan og samkenndin. Á góðu heimili þekktust hvorki forréttindi né afskipti, engin dekurbörn eða stjúpborn. Enginn líti niður á annan, enginn reyni að hagnast á kostnað annarra, hinn sterki beiti ekki afl og ræni ekki þann, sem er veikburða. Á góðu heimili er jafnrétti, umhyggja, samvinna og hjálpssemi alls ráðandi.

Á hinu stóra heimili þjóðar og samborgara myndu þessi gildi brjóta niður alla þá félagslegu og efnahagslegu múra, sem nú skilja þegnana að í hópa þeirra, sem njóta forréttinda eða eru afskiptir, eru drotnandi eða öðrum háðir, í ríka og fátæka.

## Stétt með stétt í stað stétt gegn stétt

Í bók Sigurðar kemur fram að þessi hugmyndafræði hafi ekki verið ný af nálinni í Svíþjóð, þótt Per Albin Hansson hafi gerst fremsti og áhrifamesti boðberi hennar á þriðja og fjórða áratugnum. Hún hafi áður náð fram í röðum hægri manna þar í landi snemma á öldinni. Þeir boðuðu stéttasamvinnu eða „stétt með stétt“ í stað stéttáttaka eða líkt og Sjálfstæðisflokkurinn á Íslandi boðaði á árum áður. Þetta var ákveðið andsvar við þjóðfélagsbaráttu og stéttastríði alþýðusamtakanna.

## Meinsemdirnar fimm

Sigurður fjallar einnig rækilega um kenningar William Henry Beveridge í bókinni. Kjarninn í kenningum Beveridge var sá, að tryggja bæri bresku þjóðinni öryggi frá vögggu til grafar. Hún væri þjókuð af fimm alvarlegum meinsemdum, sem yrði að nema brott. Hin fyrsta væri skortur á lífsgæðum og hvers kyns nauðsynjum almennings, önnur væri sjúkdómar og skortur á heilsugæslu, hin þriðja menntunarskortur og fáfræði, sú fjórða volæði vegna ófremdarástands í húsnæðis- og skipulagsmálum og hin fimmta væri atvinnuskortur. Beveridge kvað nauðsynlegt að útrýma meinsemdunum fimm til að tryggja velferð almennings og búa þjóðinni betri framtíð. Það yrði best gert með því að lögfesta öryggisáætlun þá, er hann hefði gert tillögur um, en grundvöllur hennar væri útrýming atvinnuleysis og tryggja atvinna öllum landsmönnum til handa. Það væri mikilvægasta, erfiðasta og um leið brýnasta úrlausnarefni samfélagsins, er stríðinu lyki, enda hvíldu allar aðrar endurbætur á því. Þegar allir hefðu nokkuð að iðja væri atvinnuleysið úr sögunni og fjárhagslegur grundvöllur jafnframt fenginn fyrir almennri læknisþjónustu og öflugri heilsugæslu, aukinni menntun og útrýming fáfræði, hærri skólaskyldualdri og fjölgun skóla, því að öllum börnum yrði að veita jöfn tækifæri til menntunar. Útgefandi bókarinnar er Hið íslenska bókmenntafélag.

Árbæjarsafn

Verið velkomin á Árbæjarsafn á aðventunni

Engin jóladagskrá í ár vegna COVID-19.

www.arbajarsafn.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð

JS LJÓSAMÍDJAN

VÉLAVERKSTÆÐI  
ÍSLÁTTUVELAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

NOON HÁRSTOFA


5672077 HÓLMASELI 2, 109 RVK



# SHAKE&PIZZA GÓÐAN DAGINN

OPIÐ : MÁN - MIÐ: 17-21 / FIM - SUN: 16-21

## NÝTT HJÁ SHAKE&PIZZA



## HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

**EIN, TVÆR OG  
FRÍ PIZZA EF  
ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM PIZZUM AF MATSEÐLI  
- BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

**EINN, TVEIR OG  
FRÍR SHAKE EF  
ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM SHAKE-UM AF MATSEÐLI  
GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

Pantaðu á  
[shakepizza.is](http://shakepizza.is)  
eða í síma  
5 17 18 19

**EIN PIZZA & SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.**

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR VIÐ ANNARRI Á 1.000 KR. - BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

[shakepizza.is](http://shakepizza.is)

**shake&pizza**

#shakeandpizza

**ÞAÐ ER GALOPIÐ HJÁ OKKUR &  
SPILUM Á ANNARRI HVORRI BRAUT**

- OPNUNARTÍMAR KEILUHALLARINNAR -

MÁN - MIÐ: 17-21 / FIM - LAU: 16-22 / SUN: 16-21

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á [FACEBOOK.COM/KEILUHOLLIN](https://www.facebook.com/keiluhollin)


**Keiluhöllin**  
EGILSHÖLL

**SmíðaVík**  
GÓDIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri,  
bæta þéttingu glugga og hurða,  
lagfæra glugga og hurðir  
eða skipta því út fyrir nýju  
erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is  
sími 898-0503  
Guðlaugur



# Lokaársnemar myndlistarbrautar FB sýna rafrænt

Nemendur á lokaári myndlistarbrautar FB opna rafræna sýningu sem ber heitið Villumelding 404 og er aðgengileg á Facebook sem viðburðurinn Villumelding 404. Þar er hægt að sjá stuttar kynningar þar sem nemendur kynna verkin sín og einnig má sjá myndir af sýningunni og verkunum sjálfum.

Þetta er í fyrsta skipti sem skólinn heldur rafræna myndlistarsýningu og er þetta því gott dæmi um hvernig hægt er að aðlaga sig að breyttum aðstæðum í samfélaginu. Nemendur unnu sýninguna undir handleiðslu Hörpu Daggar Kjartansdóttur sem kennir áfangann. Á Youtube má sjá kynningarmyndband sýningarinnar sem Atli Snær Kristjánsson nemandi í hópnum gerði. Sýningunni er einnig gerð góð skil á Instagramsíðu skólans fbskoli.



## Árbæjarstíflan

# Náttúruvernd og minjavernd takast á

Miklar umræður hafa skapast vegna þeirrar ákvörðunar Orkuveitu Reykjavíkur að tæma Árbæjarlón í Elliðaánum endanlega en hætta að tæma það og fylla eftir árstíðum eins og verið hefur. Í ljósi þeirrar umræðu sem hefur skapast eftir varanlega tæmingu Árbæjarlóns ofan Árbæjarstíflu hefur Hafrannsóknastofnun birt minnisblað sitt sem Friðþjófur Árnason lífræðingur setti saman að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur.

Þar kemur fram að svæðið á lónsstæðinu sé sífellt að breytast með árlegri söfnun vatns og tæmingu en við þannig aðstæður verður nær ólíft fyrir hrogn og seiði.

Mælingar sem gerðar voru við tæmingu Árbæjarlóns vorið 2020 sýndu að neðan við stíflu fór súrefnismagn árvatnsins niður 9,3 prósent metttun við lok tæmingar vegna súrefnissnauds vatns úr botni lónsins. Það ástand varði í um klukkutíma og varð þá súrefnismettun eðlileg á ný.

### Minjastofnun ósátt

Minjastofnun Íslands hefur gert alvarlega athugasemd um tæmingu lónsins á þeim grundvelli að Árbæjarstíflan sé friðuð þótt lónið ofan hennar teljist ekki friðuð. Minjastofnun óskaði upplýsinga um hvort að Orkuveitan hafi kannað hvort og þá hver áhrif það kann að hafa á varðveislu stíflunnar að ekki verði lengur uppistöðulón fyrir ofan hana. Málið varðar því ekki lónið sjálft heldur áhrif tæmingarinnar á mannvirkni að mati Minjastofnunar.

Orkuveita Reykjavíkur ákvað að tæma Árbæjarlón til frambúðar eftir ráðgjöf frá Hafrannsóknastofnun þar sem hagsmunir lífríkis Elliðaáa voru hafðir að leiðarljósi.

### Óskaði tillagna frá Hafró

Orkuveitan óskaði eftir tillögum frá Hafrannsóknastofnuninni eftir að vatnsgæðamælingar í vor sýndu að árleg tæming á lóninu væri ekki æskileg fyrir lífríkið. Stofnunin lagði fram fjórar sviðsmýndir og



Lokur í Árbæjarstíflu.

raðaði þeim eftir vænleika með tilliti til vatnalífríkis. Hafrannsóknastofnun taldi vænlegast að fjarlægja Árbæjarstíflu og ganga frá svæðinu í upprunalegt ástand. Í gögnum frá Hafrannsóknastofnun kemur fram að þótt Árbæjarstífla teljist lítil stífla geti áhrif hennar á lífríkið þó verið talsverð, einkum fyrir göngufiska eins og laxfiska og ál.

### Óánægja á meðal íbúa

Íbúar í nágrenni stíflunnar hafa lýst yfir óánægju með tæmingu lónsins en margir hafa áhyggjur af breyttu fuglalífi sem og mannlífi. Svæðið er vinsæll staður þar sem fjölmargir staldra við þegar gengið er stífluhringinn til að njóta náttúrunnar og gefa öndunum að borða. Andapollurinn er sagður hafa mikil áhrif á andlega heilsu þeirra sem nýta svæðið til útivistar en samkvæmt dýravistfræðingi er líklegt að endurnar færi sig um set nú þegar lónið er farið. Borgarráð hefur skipað sérstakan stýrihóp til að vinna að tillögu í samráði við helstu hagsmunaaðila, um mótvægisáðgerðir í kjölfar tæmingar lóns Árbæjarstíflu sem horfir meðal annars til fuglalífs, annarrar náttúru og mannlífsins í dalnum.

Árbæjarsafn



Klassísk leikföng  
í jólapakkann

Safnbúð Árbæjarsafns  
Opíð daglega 13:00-17:00

www.borgarogusafn.is

Flottir skór sem fara  
vel í jólapakka



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is



# Zonnic NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVAEMUR KOSTUR  
TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



---

**zonnic®** TAKTU STJÓRNINA!

---

Zonnic pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sigaretta væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is). Nicovum AB. NIC201204 – Desember 2020.

## AS WE GROW

UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



WWW.ASWEGROW.IS  
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

# Breiðholt að breytast

Frá því í september hefur Reykjavíkurborg auglýst nýja viðauka á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030, þar sem skipulagstíminn er framlengdur til 2040 ásamt ýmsum breytingum.

Í aðalskipulaginu frá 2010 var boðuð sú stefnubreyting í skipulagsmálum í borginni að nær öll uppbygging myndi fara fram á dýrum þéttingarreitum miðsvæðis í borginni í þeim tilgangi að þetta byggð. Stefnan snerist þó fljótlega upp í andhverfu sýna þegar upplýsingar um íbúafjölgun á landsbyggðinni væri að vaxa hraðar en á höfuðborgarsvæðinu. Á lýðveldistímanum er ekki hægt að sjá í gögnum að það hafi gerst áður yfir fimm ára meðaltal, skv. tölum frá 2012 til 2017.

Á sama tíma hefur stefnan í samgöngumálum gengið út á að þrengja að umferð og lengja ferðatíma fólks sem kys að ferðast í eigin bíl auk þess sem strætó festist jafnan í heimatilbúnum umferðarteppum. Samgöngubætur heyrja sögunni til og því hefur umferð, loftmengun og ferðatími aukist auk þess sem umferðaröryggismál gleymast.

### Aðalskipulag til 2040 – Yfir nýu hæða háhýsi í kortunum

Breiðhýltingar kannast við eflaust við þær breytingar sem liggja fyrir í skipulagsdrögunum. Í hverfisskipulaginu er fjallað um byggingareiti við Rangársel, Suðurhóla, Völvufell, og Arnarbakka svo eitthvað sé nefnt. Fyrirhugaðar breytingar á svæði Norður Mjóddar eru hins vegar nýjar.

Á svæðinu við Norður Mjódd – frá Breiðholtskirkju til Garðheima, er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu háhýsa. Það athyglisverða er að skipulagið kveður á um leyfi fyrir háhýsi með fleiri en nýu hæðum á svæðinu. Slíkar hugmyndir verður að vinna í samráði við íbúa hverfisins, en hingað til hefur þetta ekki verið kynnt fyrir íbúum Breiðholts.

### Arnarnesvegur – Breiðholtsbraut EFLA

Þrír valkostir hafa verið skoðaðir vegna lagningu Arnarnesvegur og tengingu við Breiðholtsbraut. Það er ljóst að sú tillaga sem hefur verið kynnt af

hálfu borgarinnar er ekki besta leiðin. Útfærsla borgarinnar, með ljósastýrðum gatnamótum mun auka umferð gríðarlega á þessu svæði með því að leiða stóra umferðaræð úr Kópavogi inn á Breiðholtsbraut.

Þegar umferðin eykst, má leiða líkur á minna umferðaröryggi, en gatnamótin við Ógurharf eru í 8 til 20. sæti yfir slysamestu gatnamót landsins.

Einnig er áhyggjuefni að tafatími í umferðinni fyrir þá sem kjósa ferðast á eigin vegum eða í almenningssamgöngum mun aukast til muna á þessu svæði. Einn af fylgikvillum umferðartafa er aukin mengun og því ávisun á lakari loftgæði.

Útfærslan sem borgin hyggist fara er einnig brot á samgöngusáttmála sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem kveður meðal annars á um að auka umferðaröryggi, bæta samgöngur allra ferðamáta, minnka tafir og að draga úr mengun. Enn fremur kemur fram í kynningarefni frá Eflu verkfræðistofu sem annaðist útfærslur vegarins orðrét: „Með tilliti til umferðaröryggis, afkasta og kostnaðar er lausn þrjú ákjósanlegust“.

### Ekkert liggur á

Ofangreind atriði gefa til kynna að eðlilegast væri að endurskoða stefnu borgarinnar í skipulags- og samgöngumálum. Auk þess má gera athugasemd við þau vinnubrögð að verið sé að ráðast í stórar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur á tímum þegar kórónuveiran hefur breytt takti samfélagsins verulega. Ekki hefur verið hægt að halda opna íbúafundi vegna ástandsins. Réttast væri að fresta þessum breytingum þar til hægt verður að kynna þær og fá þannig fram íbúasamráð eins lög gera ráð fyrir.

Egill Þór Jónsson.  
Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.



Egill Þór Jónsson.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNLSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfsdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



# Breytingar á aðalskipulagi

Nú er verið að gera mjög stórar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur og jafnframt er verið að framlengja það til ársins 2040. Það er undarlegt að koma fram með jafn stórar breytingar á þessum tíma þegar kórónuveiran hefur sett samfélagið úr skorðum, réttast væri að fresta þessum breytingum þar til hægt væri að kynna þær með opnum íbúafundum í öllum hverfum borgarinnar og fá þannig besta íbúasamráðið. Þeir sem taka ákvarðanir er varða okkur Reykvíkinga verða að upplýsa vel og taka ákvarðanir í samráði við íbúa. Þar sem við sjáum fram á það að bóluferri fer að koma vegna kórónuveirunnar og skipulagið sem verið er að samþykkja gildir til ársins 2040 þá hljóttum við að geta frestað því um nokkra mánuði að samþykkja þessar breytingar og kynnt þær með mun betri hætti en nú hefur verið gert, því stórar breytingar á aðalskipulagi verður að taka í samráði og sátt við alla íbúa Reykjavíkur.

### Veitukerfi í vanda?

Þegar verið er að þetta byggð þá verður að huga að fjölda þátta. Það sem kannski flestum okkar er ekkert ofarlega í huga er uppbygging veitukerfa. Fráveita, heitt og kalt vatn eru hlutir sem ekkert okkar gætur verið án en við alla uppbyggingu verður stöðugt að huga að þessum þáttum. Gríðarlega fjármunir þarf í uppbyggingu veitukerfa og ekki er endalaust hægt að

bæta nýjum byggingum við kerfið án þess að huga að því að stækka það. Eru veitukerfin okkar kominn að þolmörkum? Er hægt að þetta frekar byggð án þess að huga að uppbyggingu veitukerfanna? Verður að ráðast í endurbætur á núverandi kerfi? Í vetur hafa fjölmargir lent í því að það kólnaði í húsum þeirra, þrátt fyrir að álag á kerfinu var ekki eins mikið líkt og það hefði verið í venjulegu árfærði þegar sundlaugar eru opnar og fjöldi ferðamanna og hótél í fullum rekstri. Því þarf að huga að uppbygging á veitukerfum samhliða frekari þéttingu byggðar það má ekki gleymast.

Það hefur verið einstaklega gleðilegt að fá að kynnast svona mörgum ykkar, ég þakka fyrir gott samstarf á árinu og óska ykkur öllum gleðilegra jóla og hlakka til áframhaldandi samstarfs með ykkur öllum.

Jólakveðja  
Valgerður Sigurðardóttir  
Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.



Valgerður Sigurðardóttir.

Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu.

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Bestu óskir um  
gleðileg jól  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu.



GULLSMÍÐURINN  
Í MJÓDD



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi  
s. 551 1266 | utfor@utfor.is  
utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM  
ALLAN SÓLARHRINGINN

# Gjafir vitringanna

Sr. Magnús Björn Björnsson, prestur í Breiðholtskirkju, Breiðholtsprestakalli skrifar jólahugleiðingu.



Séra Magnús Björn Björnsson.

Sagan um ferðamennina þrjá sem komu að jötu Jesúbarnsins á hinum fyrstu jólum, hefur snert við kirkjunni um víða veröld um aldir. Þeir hafa verið listamönnum hugðarefni. Þeim er lýst sem stjörnufræðingum og konungum frá fjarlægum löndum. Á tveimur stöðum í Gamla testamentinu er minnst á konunga sem koma frá Tarsis, Saba og Seba. Þess vegna eru þeir ef til vill oftast taldir þrír. Í aldanna rás hafa þeir orðið fulltrúar fyrir kynstofna heimsins, hina brúna, gulu og hvítu. Þeir eru einnig taldir fulltrúar kynslóðanna og því mis gamlir, einn ungur, annar miðaldra og hinn þriðji gamall. Þeir fengu loks nöfnin Kaspar ungur og skegglaus, Melchior skeggjaður öldungur, en Baltasar miðaldra og dökkur á hörund. Hinir konungbornu, vísu menn eru fulltrúar alls mannkyns, sem komnir eru til að veita konungi konunganna lotningu. Þeir voru ríkir og vitrir, víðsýnir og auðmjúkir. Vitringarnir gáfu Jesúbarninu dýrmætar gjafir, gull, reykersi og myrru. Marteinn Lúther tengdi gjafirnar við það sem allir menn, jafnt ríkir sem fátækir, gætu fært Jesú. Gullið stendur fyrir trúna á Krist, reykersið vonina og myrran kærleikann. Allir geta ræktað trú, von og kærleika, sem bætir öll samskipti manna.

Allt mannkyn glímur nú við sjúkdóm, farsótt, sem leikur hvert landið á fætur öðru grátt. Frammi fyrir kórónaveirunni standa allir jafnir. Smiti hún, ræðst hún á einstaklinginn þar sem hann er veikastur

fyrir. Hundruð þúsunda, já milljónir, hafa látið lífið. Margir hafa misst vinnuna og enn aðrir hafa misst ástvinu. Hugur okkar er hjá þeim. Þó svo búið sé að finna mótefni, verðum við að bíða enn um sinn. Hér á Íslandi getum við verið þakklát fyrir þau sem hafa verið óþreytandi að leiða okkur gegnum faraldurinn. Þau hafa stuðst við hin bestu vísindi, sem völ er á. Við sjáum hvernig smitum fjölgar ef slakað er á sóttvörnum og fjölgað er í hópum sem mega koma saman. Þess vegna erum við hvött til að koma sem fæst saman um jólin. Hvött til að fresta fjölmennum jólaboðum og bíða þar til byrjað er að bólusetja.

Allir jarðarbúar takast á við sama vágést. Tillitssemi og varúð í umgengni og samskiptum er grundvallaratriði. Til að okkur takist að komast í gegnum þessa erfiðu daga verðum við að rækta það besta í fari okkar. Hin góðu, kristnu gildi, trú, von og kærleikur, eru þess vegna gjafir sem við getum gefið hvert öðru. Trúin gefur okkur fullvissu um stuðning

Guðs í þrengingum. Vonin horfir til þess er við komumst út úr þessum erfiðleikum. Kærleikurinn kallar á það að við styðjum hvert annað og hjálpum þeim sem eiga erfitt. Gefum Jesú þessar góðu gjafir, því þá gefum við hvert öðru þær. Guð gefi þér og þínum gleðileg jól.



Vitringarnir eins og segir í textanum fulltrúar hinna ýmsu kynstofna. Einn ungur, einn miðaldra og einn gamall. Einn evrópskur, einn asískur og einn afrískur svo allir litahættir séu pólitískt rétt fram bornir.



## ÓPIÐ *allan* SÓLARHRINGINN Í VEFVERSLUN SPILAVINA

Suðurlandsbraut 48 (bláu húsunum í Skeifunni) • [www.spilavinir.is](http://www.spilavinir.is)



## Breiðholtsblaðið

*Óskum Breiðholtsbúum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári.*

# SKATA!

ÞÚ FÆRÐ SKÖTUNA, SALTFISKINN, HUMARINN, RÆKJUNA, HÖRPUDISKINN, LAXINN, HÁTÍÐARSÍLDINA FRÁ ÓSNES OG TAÐREYKTU FJALLABLEIKJUNA HJÁ OKKUR.



Opnunartími:

Mán - fimmtudaga kl. 9-18:30 • Föstudaga kl. 9-18:00

## HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Frístundir  
í Breiðholti

- þátttaka barna og unglunga í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi er uppbyggileg nútímamenning

Fyrir 30 til 40 árum voru íþróttir í margra huga sprik fyrir þá sem ekki nemtu að vinna. Viðhorfið átti sér sterka stuðningsmenn meðal þeirra sem enga reynslu höfðu af íþróttum. Þeir sem stunduðu íþróttir fundu hinsvegar á eigin skinni mikilvægi þeirra fyrir líkama og sál.



Í dag vitum við að börn og unglungar sem stunda íþróttir reglulega eru síður líkleg til að reykja sigarettur, neita áfengis eða fíkniefna en krakkar sem ekki stunda íþróttir. Krakkar sem stunda íþróttir reglulega eru líklegri til að ná betri árangri í skóla, eiga stærra vinnuhóp og líta bjartari augum á framtíðarmöguleika sína en þeir sem ekki stunda.

Vegna þessara staðreynda úr rannsóknunum undanfarna áratugi hefur skipulagt íþrótt- og frístundastarfi verið skilgreint sem einn mikilvægasti verndandi þátturinn gegn reykingum, neyslu áfengis eða fíkniefna unglunga og einn af mikilvægasti vettvangur barna og unglunga til að mynda félagsleg tengsl og vinasambönd. Skilgreiningin hefur svo verið notuð undanfarna tvo áratugi um allt land í lýðheilsu- og forvarnastarfi með börnum og unglungum með frábærum árangri.

Ólíkt því sem var fyrir nokkrum áratugum nýtur þátttaka barna og unglunga í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi nú almennrar viðurkenningar í samfélaginu, þökk sé vísindarannsóknunum. Þátttakan er orðin samofin nútímamenningu okkar Íslendinga.

Á undanförunum árum hefur nýjum íbúum af erlendum uppruna fjölgað umtalsvert í Breiðholti og þar með íbúum sem ekki þekkja eins vel til mikilvægis þátttöku barna og unglunga í íþrótt- og frístundastarfi. Þekking á mikilvægi skipulags íþrótt- og frístundastarfs er án efa ein að ástæðum þess að börn af erlendum uppruna taka síður þátt í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi en þau að íslenskum uppruna. Þessu þurfum við að breyta. Nýtum öll möguleg tækifæri til að upplýsa nýja íbúa og nágbranna um hvernig börnin og unglungarnir geta eignast vini, æft sig í íslensku og orðið virkir þátttakendur í samfélaginu með þátttöku í íþróttum og skipulögðu frístundastarfi. Tökum þannig þátt í tilraunaverkefninu „Frístundir í Breiðholti“ sem hefur einmitt þessi markmið.

Þráinn Hafsteinsson  
Verkefnisstjóri frístunda og félagsauðs  
Þjónustumiðstöð Breiðholts



Þráinn Hafsteinsson.

Tískusýning lokaársnema  
fata- og textílbrautar FB

Nemendur á Fata- og textílbraut FB tóku þátt í tískusýningu á vegum Unglistar sem var rafræn í ár. Nemendur sýndu myndbrot af hönnun sinni, sem voru sett saman í eitt myndband.

Á tískusýningunni gafst upprennandi hönnuðum gott tækifæri til að koma sér á framfæri. Um það bil 20 nemendur úr FB og Tækniskólanum sýndu hönnun sína í myndbandinu. Sjá má afrakstur nemenda okkar á Facebook síðu skólans og Instagram skólans fbkoli.

Flíkur eftir Serenu Kristínu.

SKEMMTILEGAR  
BÆKUR!

**Einstök**  
lífsreynslusaga þar sem bjartsýni og húmor skína í gegn.



**Getur**  
feitt fólk fylgst grannt með fréttum?



**Hér stígur hver snillingurinn af**  
öðrum fram í sviðsljósið og útkoman er bæði bráðfyndin og fræðandi.

Bókaútgáfan Hólar  
holabok.is / holar@holabok.is

T&G

Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**  
109 Reykjavík  
Sími: 696-3436  
www.togg.is

# Sex ÍR-ingar fengu viðurkenningar

Sex ÍR-ingar fengu viðurkenningu sumir fleiri en eina á uppskeruhátíð Frjálsíþróttasambands Íslands 10. desember sl. Í því felst mikil viðurkenning fyrir félagið og það öflugasta starf sem, þar fer fram. Öflugt íþróttastarf byggir ekki á neinu nema þeim einstaklingum sem þar eru innanborðs.

Pétur Guðmundsson kastþjálfari hjá ÍR var valinn þjálfari ársins en hann þjálfar meðal annarra kringlukastaranna, Guðna Val Guðnason. Pétur keppti sjálfur í kúluvarpi til fjölda ára og á hann enn Íslandsmetinn í þeirri grein bæði innan- og utanhúss, hann er því reynslumikill sem afreksíþróttamaður sjálfur sem er gríðarlega mikilvægt þegar um er að ræða þjálfun afreksfólks. Pétur hefur þjálfað hjá ÍR til fjölda ára og gríðarlega mikilvægur hlekkur í þjálfara- og afreks- teymi deildarinnar.

Hlynur Andrésson var valinn götuhlaupari ársins en einnig lang- og millivegalengdahlupari ársins og geri aðrir betur, það þarf mikla hæfileika og getu til að geta spannað allar þessar vegalengdir. Hlynur átti mörg góð hlaup á árinu en nú síðast Íslandsmetinn í hálfu maraþoni á HM í hálfu maraþoni í Póllandi í október og var tími hans 1:02:47 klst. Þetta hlaup setti Hlyn á nýjan stall sem langhlaupari og verður gaman að fylgjast með næstu skrefum hans.

Andrea Kolbeinsdóttir hljóp frábærlega á HM í hálfu maraþoni í Póllandi í október þar sem hún kom í mark á tímanum 1:17:52 klst. en það er næst besti tími Íslenskrar konu frá upphafi í greininni og jafnframt stúlknamet 20 til 22 ára.

Ingibjörg Sigurðardóttir var valin kven millivegalengdahluparar ársins en viðurkenninguna fékk hún fyrir árangur sinn í 800 metra hlaupi á MÍ innanhúss. Hún hljóp vegalengdina á 2:16,87 mín og tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn.

Guðni Valur Guðnason kastari ársins og stíga- hæsta frjálsíþróttastar ársins. Kringlukastarinn Guðni Valur var valinn kastari ársins en hann átti fimmta lengsta kast ársins í heiminum 69,35 m sem jafnframt er nýtt glæsilegt Íslandsmet. Hann átti einnig stíga-hæsta afrek ársins samkvæmt stígaöflu



Frjálsíþróttadeild ÍR er ein sú öflugasta á landinu.

World Athletics, 1232 stig, og er stíga-hæsta afrek Íslendinga frá upphafi sem er mjög glæsilegur árangur. Hann náði einnig lágmarki á HM í París en því móti var frestað. Guðni er í hópnum með framúrskarandi frjálsíþróttafólki FRÍ, sem þýðir að hann er í top 24 í heiminum eða top 12 í Evrópu og hlaut hann afreksstyrk FRÍ við það tilefni en það felur í sér fjárhagslegan styrk sem og aðgengi að fagteymi FRÍ. Guðni Valur skipar Ólympíuhóp FRÍ.

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir var valin spretthlauparar ársins, stúlka ársins, afreksefni og Ólympíuhópur FRÍ. Guðbjörg Jóna var valin fyrir 200 metra hlaup sitt innanhúss þar sem hún bætti eigið stúlknamet 18-19 ára og 20-22 ára með tímann 23,98 sek.

Elisabet Rut Rúnarsdóttir var valin í flokk með afreksefnum FRÍ en til að ná inn í þann hóp þarf íþróttamaður að ná á lágmark á stórmót ungmenna en hún náði lágmarki í sleggjukasti, 61,58 m með 4 kg sleggju, á HM U20 sem því miður var frestað.

Erna Sóley Gunnarsdóttir, kúluvarpari. Erna Sóley hlaut viðurkenningu frá FRÍ vegna Íslandsmets innanhúss á árinu, 16,19 m en Erna er að megninu til þjálfuð af Pétur Guðmundssyni.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur  
Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
Tölvupóstur: ir@ir.is  
Heimasíða: ir.is

# Viktor Örn og Unnur Elva tilnefnd



Knattspyrnudeild ÍR hefur tilnefnt Viktor Örn Guðmundsson og Unni Elvu Traustadóttur sem íþróttafólk ÍR árið 2020.

Unnur Elva Traustadóttir var lykilkona í liði ÍR sumarið 2020. Unnur er öflugur framherji og varð markahæst með sjö mörk í 15 leikjum. Hún er mikill leiðtogi í liðinu og var einnig valin besti félaginn af samherjum sínum.

Viktor Örn Guðmundsson var lykilmáður í meistaraflokksliði félagsins í 2. deildinni. Viktor er einn reynslumesti leikmaður liðsins og einn leiðtoganna inni á velli. Viktor er miðjumaður sem stýrði uppspli liðsins þaðan og skoraði afar mikilvæg mörk enda með einn öflugasta vinstri fótinn í bransanum Hann er einnig markahæsti maður liðsins með átta mörk í 18 leikjum.

Laugarnar í Reykjavík

# Velkominn aftur

Höldum bilinu og sýnum hvert öðru tillitssemi

2m

www.itr.is

GETRAUNANÚMÉR ÍR

# 109

GETRAUNIR.IS

APENA  
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

VEIÐIKORTIÐ  
2021

Frelsi til að veiða!

Jólagjöf veiðimannsins  
8.900 kr

Fæst hjá N1, OLÍ, veiðivörverslunum og veiðikortid.is



# Mundu eftir Aukakrónunum um jólin



Jólin eru góður tími til að nota uppsafnaðar Aukakrónur og gera hátíðirnar enn notalegri. Þú sérð stöðuna á Aukakrónunum þínum í Landsbankaappinu og netbankanum og getur keypt næstum hvað sem er fyrir þær hjá yfir 250 samstarfsaðilum um allt land.

